

## FUNDARGERÐ

237. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 26. janúar 2022 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Björn Ólafsson, Mördur Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Jón Ólafsson, Brynjólfur Stefánsson, Mördur Árnason, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sigríður Bergvinsdóttir sat fundinn í fjarveru Guðlaugs G. Sverrissonar. Einnig sátu fundinn Valgeir Vilhjálmsson, sem sat fundinn í fjarveru Hrafnhildar Halldórsdóttur áheyrnarfulltrúa, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað (Teams) vegna sóttvarnarráðstafana.

### 1) Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var borinn upp og samþykkt.

### 2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu í nóvember og greindi frá helstu frávikum. Góður árangur var í auglýsingasölu í mánuðinum og aðrar tekjur voru umfram áætlun, m.a. í tengslum við að RÚV hafi verið innheimta hlut sinn í tveimur meðframleiðsluverkefnum og svo var aukin sala á safnaefni.

Reksturinn sé hins vegar yfir áætlun. Menning og Rás 1 voru yfir áætlun vegna launagreiðslna í tengslum við veikindi, starfslok og fjölgun um hálf stöðugildi. Einnig var meiri tæknivinna og kaup á efni. Fréttir voru yfir áætlun vegna veikinda og mikillar orlofsávinnslu. Framleiðsluviðið var yfir áætlun vegna launa í tengslum við veikindi og starfslok, einnig vegna aukinna verktakakaupa sem að hluta til á eftir að færa í millideildasölu á aðrar deildir og verði það gert í desember. Fjármál, mannauður og tækni voru einnig yfir áætlun vegna kostnaðar við úttektarskýrslu Eflu um húsnæðið og vinnu við múrverk hússins að utan, en ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum kostnaðarliðum í áætlun. Fjármagnsliðir séu undir áætlun vegna áhrifa styrkingar á gengi íslensku krónunnar umfram aukna verðbólgu.

Horfur ársins 2021 eins og sakir standa séu að tekjur eftir 11 mánuði ársins séu um 217 m.kr. umfram áætlun, rekstur deilda sé 94 m.kr. yfir áætlun, afskriftir séu 3 m.kr. undir áætlun og fjármagnsliðir 27 m.kr. undir áætlun. Samtals sé jákvæð afkoma í reksturinn samtals 153,5 m.kr. en uppfærð rekstraráætlun frá því í mars sl. gerði ráð fyrir. Þá sé rétt að geta þess að auglýsingasala gekk vel í desember og reksturinn var agaður.

Uppgjörsvinnan fyrir árið 2021 sé hafinn en það sé eftir að vinna í gegnum stóra liði, eins og t.d. afskriftir af viðskiptakröfum, öðrum kröfum og birgðum. Nokkur óvissa er því um lokaniðurstöðu ársins en hagnaður gæti orðið á bilinu 60-80 m.kr.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir helstu verkefni undanfarin misseri í starfsemi RÚV. Unnið hafi verið að drögum að nýrri aðgengisstefnu að hálfu starfshóps innan RÚV með aðkomu hagsmunaaðila. Stefnan taki til aðgengi að öllum miðlum RÚV fyrir fatlað fólk, fólk með annað móðurmál en íslensku, aðgengi að Útvarpshúsinu og öðrum starfsstöðvum RÚV og fjölbreytileika í miðlum RÚV. Næstu skref sé að móta aðgerðaráætlun, kostnaðargreining og forgangsöröðun.

Þá liggi fyrir drög að umhverfis- og loftlagsstefnu RÚV sem taki til umhverfisáhrifa af innri rekstri RÚV og var sömuleiðis unnin af starfshópi innan RÚV. Í drögunum sé meðal annars horft til samgangna, orkunotkunar, úrgangs og innkaupa. Næstu skref sé að móta aðgerðaráætlun, kostnaðargreining og forgangsöröðun.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including the initials "SOS" and "B30".

Stefnumótunarvinnan sé komin á þann stað að stóru línurnar séu farin að mótast eftir gagnaöflun og úrvinnslu gagna undanfarna mánuði. Ýmsar upplýsingar séu þegar aðgengilegar í stjórnargáttinni. Af því er stefnt að halda vinnustofu stjórnar í næstu viku. Ákveðið var að vinnufundurinn verði haldinn kl. 15:00 fimmtudaginn 3. febrúar nk.

Vinnustaðagreining RÚV hafi verið framkvæmd í nú annað sinn og niðurstöður hennar séu heilt yfir svipaðar og síðast. Kynning á niðurstöðum fyrir starfsfólki í heild sé lokið en nú standi yfir kynningar í einstaka einingum. Margir styrkleikar séu að finna í niðurstöðunum en líka ýmis sóknarfæri sem verði kortlögð og unnið áfram með.

Útvarpsstjóri fór stuttlega yfir áhrif sóttvarnaraðgerða á starfsemina RÚV sem starfi samkvæmt neyðarstigi í samræmi við viðbragðsáætlun. Núverandi staða sé vel viðráðanleg þrátt fyrir aukinn fjölda smita og forgangsröðun sé skýr. Þá hafi verið auglýst eftir fréttastjóra og dagskrárstjóra Rásar 2 og mikill áhugi hafi verið á lausum stöðum í dagskrárgerð og fréttum.

Sterk staða dagskrár í útvarpi og sjónvarpi hafi verið í janúar, mikil hlustun og áhorf. Gríðarlega mikið áhorf á handbolta, Verbúðina, Kanarí og fleiri nýja íslenska þætti.

Að lokum nefndi hann að inn á stjórnarvefgáttinni liggi fyrir skýrsla persónuverndarfulltrúa RÚV og sé tengiliður RÚV að fara yfir efni hennar og greina nánar hvernig unnið skuli með þær ábendingar sem þar er að finna í samvinnu við stjórnendur.

Stjórn lagði áherslu á að stefnt verði að endurskoða siðareglur RÚV á þessu kjörtímabili stjórnar og ný drög að siðareglum verði mögulega kynntar stjórn á næsta eða þarnaesta stjórnarfundum.

#### 4) Önnur mál

Valgeir Vilhjálmsson fór yfir kynningu fyrir stjórn um notkun miðla hér innanlands árið 2021 sem unnin var af Gallup.

Stjórn ákvað að setja á dagskrá á næsta fundi að ákveða dagssetningu aðalfundar RÚV 2022.

Fundi slitið.

Jóhanna Þreitarcel.  
Björn G. Ólafsson  
CW

Sit:  
Cari Sumu  
Sed: Þbergret Toggund